

# FORSETAÚRSKURÐUR

## um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur.

### FORSETI ÍSLANDS

#### *gjörir kunnugt:*

Samkvæmt fyrimælum 4. gr. laga nr. 39 frá 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. Íslensk sendiráð skulu vera í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, London, París, Moskvu, Bonn, Brussel, Washington og Peking. Fastanefndir skulu vera í Genf, New York og Brussel. Aðalræðisskrifstofa skal vera í New York.
2. Umdæmi sendiráða og fastanefnda skulu vera sem hér segir:
  - a. Kaupmannahöfn. Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Bosnía og Hersegóvína, Litháen og Tyrkland.
  - b. Osló. Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Króatía, Kýpur, Makedónía, Pólland, Slóvakía og Tékkland.
  - c. Stokkhólmur. Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Albanía, Eistland, Finnland, Lettland og Slóvenía.
  - d. London. Auk Stóra Bretlands og Norður-Írlands skal umdæmi sendiráðsins vera Grikkland, Holland, Indland og Lýðveldið Írland.
  - e. París. Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Ítalía, Portúgal og Spánn. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD), Evrópuráðinu og Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
  - f. Moskva. Auk Rússlands skal umdæmi sendiráðsins vera Búlgaría, Georgía, Moldóva, Mongólía, Rúmenía og Úkraína.
  - g. Bonn. Auk Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Austurríki, Serbía-Svartfjallaland, Sviss og Ungverjaland.
  - h. Brussel, sendiráð. Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Liechtenstein og Lúxemborg. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera sendiherra Íslands hjá Evrópu-sambandinu.
  - i. Brussel, fastanefnd. Forstöðumaður fastanefndarinnar skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Norður-Atlantshafsráðinu (NATO) og Vestur-Evrópusambandinu.
  - j. Washington. Auk Bandaríkja Ameríku skal umdæmi sendiráðsins vera Argentína, Brasilía, Chile, Kanada, Kólumbía, Mexíkó, Perú, Úrúgvæ og Venesúela.
  - k. Peking. Auk alþýðulýðveldisins Kína skal umdæmi sendiráðsins vera Indónesía, Japan, Norður-Kórea, Suður-Kórea, Taíland og Víetnam.
  - l. Genf. Forstöðumaður fastanefndarinnar skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), Evrópuskrifstofu Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastofnunum sem aðsetur hafa í Genf og Ísland er aðili að.
  - m. New York. Forstöðumaður fastanefndarinnar skal vera fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna.
3. Forsvar gagnvart Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) skal vera hjá utanríkisráðuneytinu í Reykjavík.

4. Ráðherra getur ákveðið að sendiherrar í utanríkisþjónustunni með búsetu í Reykjavík skuli vera sendiherrar gagnvart Páfagarði og fjarlægum löndum, eftir því sem nauðsyn kann að krefja.

Úrskurður þessi skal taka gildi við undirskrift og um leið fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 17 frá 14. mars 1994.

*Gjört í Reykjavík, 28. mars 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Halldór Ásgrímsson.*

## AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 98/1993,  
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 19. febrúar 1996 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Í lok XVI. kafla komi ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá og með háskólaárinu 1996-1997 verða stúdentar ekki skráðir til náms í aðalgreinina uppeldis- og menntunarfræði, sbr. a. lið 112. gr. Þeir stúdentar sem hófu nám í uppeldis- og menntunarfræði sem aðalgrein haustið 1995 eða fyrir þann tíma, eiga rétt á að ljúka námi sínu í samræmi við ákvæði a. liðar 112. gr. um uppeldis- og menntunarfræði. Nám í uppeldis- og menntunarfræði sem aukagrein verður áfram í boði, sbr. b. lið 112. gr. Bráðabirgðaákvæði þetta gildir í fjögur ár, eða til loka háskólaársins 1999-2000.

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 22. febrúar 1996.*

**Björn Bjarnason.**

---

*Guðríður Sigurðardóttir.*